

Úrskurður í máli nr. 6/1996; kveðinn upp 7. júní
(Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/1996)

Grindavíkurbær gegn samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 11. apríl 1996, er barst áfrýjunarnefnd 17. apríl s.á., hefur Halldór Ingvarsson fyrir hönd Grindavíkurbæjar kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/1996](#), dags. 21. mars 1996. Í ákvörðuninni segir m.a. að áfrýjandi skuli, með vísan til 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga, aðskilja fjárhagslega rekstur tjaldsvæðis Grindavíkurbæjar frá öðrum rekstri sveitarfélagsins fyrir 1. júní 1996.

Áfrýjandi krefst þess að áfrýjunarnefndin felli framangreinda ákvörðun samkeppnisráðs úr gildi.

Samkeppnisráð krefst þess að umrædd ákvörðun samkeppnisráðs verði staðfest.

II.

Málavextir eru þeir að með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 24. júlí 1995, kvartaði Erlingur R. Hannesson, sem rekur tjaldsvæðið Stekk í Reykjanesbæ, yfir því að áfrýjandi auglýsti ókeypis afnot af tjaldstæðum bæjarins.

Erindi Erlings var sent bæjarstjóra áfrýjanda til umsagnar. Með greinargerð Halldórs Ingvarssonar, umsjónarmanns ferðamála hjá Grindavíkurbæ, dags. 10. ágúst 1995, bárust athugasemdir áfrýjanda við erindi Erlings.

Erlingi R. Hannessyni var gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við greinargerð áfrýjanda, sem hann gerði með bréfi, dags. 31. ágúst 1995.

Í umræddri ákvörðun samkeppnisráðs segir að Halldór Ingvarsson, umsjónarmaður ferðamála hjá áfrýjanda, hafi verið boðaður til fundar hjá Samkeppnisstofnun 27. september 1995. Á fundinum hafi starfsmenn Samkeppnisstofnunar bent á að auglýsing áfrýjanda um ókeypis tjaldstæði væri ekki í samræmi við gæði og veitta þjónustu. Varð að samkomulagi að felld yrði niður auglýsing um ókeypis tjaldstæði í bæklingi fyrir árið 1996.

Með bréfi, dags. 6. nóvember 1995, tilkynnti Samkeppnisstofnun Erlingi R. Hannessyni að komist hefði verið að samkomulagi við fulltrúa áfrýjanda um að fella niður auglýsingu um ókeypis tjaldstæði. Afrit var sent til áfrýjanda og Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Suðurnesja.

Fyrri hluta árs 1996 hafði Erlingur R. Hannesson að nýju samband við Samkeppnisstofnun og vakti athygli á bæklingi áfrýjanda fyrir árið 1996, þar sem ókeypis tjaldstæði voru auglýst á ný. Í kjölfarið sendi Samkeppnisstofnun bréf til áfrýjanda, dags. 1. mars 1996, þar sem kemur fram að rekstur tjaldstæðis áfrýjanda sé starfsemi sem sé í samkeppni við einkarekstur og að til álita komi að beita 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga vegna málsins.

Með bréfi, dags. 4. mars 1996, svaraði Halldór Ingvarsson f.h. áfrýjanda fyrrgreindu bréfi.

Með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/1996, dags. 21. mars 1996, var kvörtun Erlings R. Hannessonar afgreidd. Í ákvörðunarorði segir:

"Með vísan til 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 mælir samkeppnisráð fyrir um að rekstur tjaldsvæðis Grindavíkurbæjar skuli fjárhagslega aðskilinn öðrum rekstri

sveitarfélagsins fyrir 1. júní 1996. Við fjárhagslegan aðskilnað skal þess gætt að allur rekstrarkostnaður, sem fellur til við rekstur tjaldsvæðisins, s.s. laun fyrir gæslu, hirðingu o.fl., auglýsingar, opinber gjöld og rekstur og viðhald mannvirkja tengd tjaldsvæðinu, verði færður til gjalda á rekstrarreikning tjaldsvæðisins. Tekjur af rekstri tjaldsvæðisins skulu standa undir kostnaði, þannig að ekki komi til niðurgreiðslu af hálfu sveitarfélagsins."

III.

Áfrýjandi ítrekar röksemdir þær sem þegar hafa komið fram við meðferð máls þessa hjá samkeppnisyfirvöldum.

Að mati áfrýjanda er ekki um samkeppni að ræða milli áfrýjanda og tjaldstæðisins Stekks, þar sem að ekki sé um að ræða sama markaðssvæðið. Hann bendir á fjarlægðina milli tjaldstæðanna og að mikill munur sé á þeirri þjónustu sem sé veitt á tjaldstæðunum. Þá telur áfrýjandi að viðskiptavinir tjaldstæðisins Stekks og áfrýjanda séu ekki þeir sömu og komi frá ólíkum stöðum.

Áfrýjandi kveður framlag Reykjanesbæjar til reksturs tjaldsvæðis síst minni en hjá áfrýjanda og að niðurgreiðsla þjónustu á hvern ferðamann sé umtalsvert meiri þó hún dugi ekki til þess að ferðamenn geti fengið frían aðgang að tjaldstæðinu. Hann kveður rekstraraðila tjaldstæðisins Stekks greiða leigu til Reykjanesbæjar sem aðeins nægi til að greiða fyrir umönnun gróðurs og ytri aðbúnaðar á svæðinu en að sveitarfélagið greiði sjálft niður fjárfestingu og viðhald.

Samkeppnisráð hefur ítrekað fyrri kröfur og málsástæður.

Erlingur R. Hannesson hefur einnig komið að sínum sjónarmiðum sem falla í aðalatriðum saman við sjónarmið samkeppnisráðs.

IV. Niðurstöður

Í 1. mgr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 kemur fram að sveitarfélögum sé skylt að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum. Í 6. mgr. sömu greinar segir að meðal verkefna sveitarfélags séu m.a. "íþróttir og útivera" og er það nánar skilgreint og útfært í 10. tl. málsgreinarinnar.

Við úrlausn máls þessa þykir einnig mega hafa í huga að mörg sveitarfélög hafa litið á það sem hlutverk sitt að koma upp og reka tjaldstæði til afnota fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Áfrýjunarnefndin lítur svo á að lágmarksstarfsemi, svo sem hér um ræðir, geti fallið undir þau verkefni sem sveitarfélögum sé skylt að annast og kosta má með almennum sjóðum þess.

Miðað við gögn máls þessa þykir mega leggja til grundvallar að tjaldstæði sem Grindavíkurbær rekur í Grindavík og málið snýst um fari ekki yfir þau mörk sem eðlileg umsvif sveitarfélagsins útheimta.

Af þessum sökum þykir skorta lagagrundvöll fyrir því að beita 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 til þess að kveða á um fjárhagslegan aðskilnað reksturs tjaldstæðisins frá öðrum rekstri sveitarfélagsins. Ber því að fella ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/1996 frá 21. mars sl. úr gildi.

V. Úrskurðarorð:

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/1996 frá 21. mars 1996 er felld úr gildi.